

Þriðjudaginn 5. október 1993.

Nr. 210/1993. **Norrex hf.**

gegn

Kassagerð Reykjavíkur hf.

Málskostnaðartrygging.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Gunnar M. Guðmundsson.

Við þingfestingu máls þessa í Hæstarétti 1. október 1993 var þess krafist af hálfu stefnda, að áfrýjanda yrði gert skylt að leggja fram málskostnaðartryggingu.

Áfrýjandi krefst þess, að kröfu stefnda verði hafnað og málinu frestað til febrúarmánaðar 1994. Þá krefst hann málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins.

Rök stefnda eru þau, að áfrýjandi sé eignalaust hlutafélag með litla ef nokkra starfsemi og hjá sýslumannsembættinu í Reykjavík liggja þrjár óafgreiddar beiðnir um aðför hjá áfrýjanda. Byggir stefndi kröfu sína á b-lið 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands. Heldur hann því fram, að hér sé um einfalt skuldamál að ræða.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu stefnda mótmælt og því haldið fram, að af hálfu stefnda hafi engar líkur verið leiddar að því, að áfrýjandi sé ófær til greiðslu málskostnaðar. Fullyrðingar um eignaleysi séu engum gögnum studdar, og sé þeim mótmælt sem algjörlega tilhæfulausum. Þá mótmælir hann því, að um einfalt skuldamál sé að ræða. Krafa áfrýjanda sé um sýknu og byggð á aðildarskorti, en hann hafi hvorki pantað né veitt viðtöku þeim vörum, sem stefndi krefjist greiðslu á.

Stefndi hefur gegn mótmælum áfrýjanda ekki leitt nægar líkur að því, að hann sé ófær um greiðslu málskostnaðar. Er því ákvæði b-liðar 1. mgr. 133. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973 um framlagningu málskostnaðartryggingar sem skilyrði þingfestingar ekki fyrir hendi. Ber því að hafna kröfu stefnda.

Stefndi greiði áfrýjanda 12.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð:

Kröfu stefnda um málskostnaðartryggingu er hafnað. Mál-
inu er frestað til febrúar 1994 að kröfu áfrýjanda.

Stefndi, Kassagerð Reykjavíkur hf., greiði áfrýjanda,
Norrex hf., 12.000 krónur í málskostnað.
